



Borgarráð

Tillaga um heildarskipulag Laugardals og fyrirkomulag íþróttamannvirkja í Laugardal

Lagt er til að skipaður verði starfshópur til að fara yfir skipulags- og mannvirkjamál í Laugardalnum, endurbyggingar og hugsanlegar nýframkvæmdir og skoða vinnu vegna deiliskipulags Laugardalsins og heildarskipulag hans. Í hópnum verði sviðsstjórar umhverfis- og skipulagssviðs, skóla- og frístundasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs ásamt skrifstofustjóra eignaskrifstofu og fulltrúa ÍBR. Samráð verði haft við viðkomandi félög, sérsambönd og samtök við skipulagsvinnuna ásamt íbúðaráði Laugardals þar sem fulltrúar íbúasamtaka eiga einnig sæti.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsörðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Eftir atvikum verði tillögur að frekari útfærslu, samninga eða málsmeðferð varðandi einstök verkefni lögð fyrir borgarráðs.

Dagur B. Eggertsson